

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

847. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 13. október 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán E. Böðvarsson, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson, varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri mæta til fundar.
2. Erindi frá Guðnýju og Jóhanni á Bessastöðum
3. Bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis
4. Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
5. Tilnefning fulltrúa sveitarfélagsins í nefnd til að skera úr um ágreining um skiptingu kostnaðar vegna girðingar milli Engjabrekku og Þorgrímsstaða.
6. Styrkbeiðnir
7. Rjúpnaveiði 2014

Afgreiðslur:

1. **Sviðsstjóri og rekstrarstjóri mæta til fundar.** Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda-og umhverfissviðs eru mættir til fundar við byggðarráð. Farið yfir helstu atriði sem verið er að vinna við s.s. framkvæmdir við vatnsrennibraut við sundlaugina, áætlun vegna lokunar urðunarstaðar að Syðri-Kárastöðum, skipulagsmál, hitaveitufamkvæmdir og tilfallandi viðhald eigna.
2. **Erindi frá Guðnýju og Jóhanni á Bessastöðum um eyðingu vargfugls.** Guðný og Jóhann sækja um leyfi til að ráða skyttu til að eyða vargfugli með riffli með hljóðdeyfi í landi Bessastaða. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við veiðarnar, svo fremi að fyrir liggja leyfi frá Sýslumanni og að tryggt verði að öll hræ verði hirt upp og fargað samkvæmt reglum.
3. **Bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis.** Bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis þar sem boðið er upp á fund með sveitarstjórnnum, lagt fram til kynningar
4. **Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.** Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem tímabundin undanþága vegna skipulagsfulltrúa er veitt, lagt fram til kynningar.
5. **Tilnefning fulltrúa sveitarfélagsins í nefnd til að skera úr um ágreining um skiptingu kostnaðar vegna girðingar milli Engjabrekku og Þorgrímsstaða.** Byggðarráð tilnefnir Ólaf B. Óskarsson fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. **Styrkbeiðnir.** Lagðar fram styrkbeiðnir sem borist hafa frá síðasta fundi. Samþykkt að vísa þeim til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2015.
7. **Rjúpnaveiði 2014.**
Samþykkt að hafa óbreytt frá fyrra ári.
Samþykkt að taka á dagskrá.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:16

Stefán Böðvarsson

Ingimar Sigurðsson

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir